

Sorpurðun Vesturlands hf  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnes

Reykjavík, 25. október 2019  
UST201910-025/F.T.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 21. október sl. þar sem stofnunin veitti Sorpurðun Vesturlands áminningu vegna frávika er skráð voru í eftirliti þann 26. júní 2019. Þann 18. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikin eru eftirfarandi:**

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Árið 2018 voru urðuð 15.457 tonn sem er umfram heimild í starfsleyfi. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að óskað hafi verið eftir breytingu á starfsleyfi á þann hátt að leyft verði að urða allt að 25.000 tonnum af almennum úrgangi á ári. Forsenda þess að unnt sé að gefa út nýtt starfsleyfi er að breytingin sæti mati á umhverfisáhrifum. Mat á umhverfisáhrifum sé nú í vinnslu og sé stefnt að því að ljúka þeirri vinnu á vordögum 2020. Sótt hafi verið um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem hafi verið synjað þar sem mat á umhverfisáhrifum breytingarinnar lá ekki fyrir. Rekstraraðili ætlar sér því að sækja um undanþágu til ráðuneytisins þegar niðurstöður umhverfismats liggja fyrir. Ásamt þessu ætli rekstraraðili sér að skoða leiðir til að draga úr urðun, svo sem með hækkun gjaldskrár, aukinni vinnslu lífræns úrgangs, breyttri ráðstöfun dýrahraja og samstarfi við sveitarfélög á Vesturlandi um fræðslu um úrgangsmál til heimila og fyrirtækja. Stofnunin bendir á að frávikið verður opið þar til starfsleyfi verður breytt eða undanþága ráðuneytisins fæst.
- 2. Gr. 3.3 í starfsleyfi.** Sigvatn sem rennur í útrásarskurð skal hreinsað með fullnægjandi hætti, skurðurinn telst ekki sem þynningarsvæði og því má ekki gæta þar mengunar frá urðunarstaðnum. Niðurstöður mælinga á samsetningu sigvatns sýna að mengun er að berast í skurðinn. Rekstraraðili hyggst sækja um breytingu á starfsleyfi hvað gr. 3.3. varðar, samhliða umsókn um breytingu á gr. 1.2 í starfsleyfi. Stofnunin bendir á að frávikið verður opið þar til starfsleyfi verður breytt eða undanþága ráðuneytisins fæst.
- 3. Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Skráningum vegna tl. 3., 5. og 9.-11. hefur ekki verið skilað. Skv. rekstraraðila eru allar upplýsingar skv. 3. tl. greinarinnar til og verður skráningu þeirra og birtingu komið í lag fyrir næsta reglubundna eftirlit. Ásamt þessu muni rekstraraðili héðan í frá skrá upplýsingar skv. 5. tl. Hvað 9.-11. tl. varðar muni skráningar skv. þeim verða birtar í viðauka við árlegar vöktunarskýrslur hér eftir en rekstraraðili skilaði þessum skráningum fyrir 2018 samhliða úrbótaáætlun.

4. **Gr. 5.3 í starfsleyfi.** Fyrir útrásarskurð gilda umhverfismörk í B-lið fylgiskjals 1 með rg. 789/1999 um fráveitur og skólp sem og að gildi mega ekki falla um flokk miðað við fylgiskjal með rg. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Gildi á ammoníum og svifögnum samræmist ekki rg. 798/1999 og gildi á kopar og köfnunarefni falla um flokka miðað við rg. 796/1999. **Rekstraraðili hyggst sækja um breytingu á starfsleyfi hvað gr. 5.3. varðar, samhliða umsókn um breytingu á gr. 1.2 í starfsleyfi. Stofnunin bendir á að frávikið verður opið þar til starfsleyfi verður breytt eða undanþága ráðuneytisins fæst.**


**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands